



Knattspyrnudeild mfl. karla

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla stjórnar.....	1
Áritun óháðs endurskoðenda.....	2
Áritun félagskjörinna skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi deildarinnar er rekstur meistaraflokks karla í knattspyrnu.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu kr. 87,0 millj. en voru kr. 74,8 millj. árið 2023 og hafa hækkað um 16,3% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 1,0 millj. í samanburði við kr. 2,7 millj. tap árið 2023. Heildareignir námu í árslok kr. 5,8 millj. og eigið fé var um kr. 2,4 millj. Enginn starfsmaður starfaði hjá deildinni á árinu, en leikmenn í árslok voru 21.

Tímabilið 2024 fer í sögubækurnar hjá flokknum þegar liðið komast í fyrsta sinn í efstu deild á 50 ára afmæli knattspyrnudeildar. Eftir fínt undirbúningstímabil fór liðið afar hægt af stað í Lengjudeildinni og var lengi vel í neðri hlutanum. Úrslit voru að láta standa á sér þrátt fyrir fínar frammistöður á vellinum. Það var svo um mitt sumar þegar hagstæð úrslit fóru að skila sér og liðið fór hratt upp stigatöfluna. Niðurstaðan var fjórða sæti sem veitir þátttökurétt í umspilskeppni um sæti í efstu deild. Liðið vann Fjölni samanlagt í tveimur leikjum sem veitti þátttöku í hreinum úrslitaleik á Laugardalsvelli þann 28. september. Þar sigruðu okkar menn Keflavík með einu marki gegn engu. Dagur sem mun lengi vera í minnum hafður hjá deildinni og liðið spilar í deild þeirra bestu árið 2025.

Það er álit stjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu meistaraflokks karla í knattspyrnu í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun deildarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Aftureldingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning meistaraflokks karla fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Mosfellsbæ, 19. mars 2025

Ásgeir Jónsson, formaður aðalstjórnar

Hrafn Ingvarsson

Geirarður Þórir Long

Inga Hallsteinsdóttir

Hildur Bjög Bæringsdóttir

Formaður knattspyrnudeildar:

Erla Eiríksdóttir

Framkvæmdastjóri:

Einar Ingi Hrafnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna knattspyrnudeildar mfl. karla,

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning knattspyrnudeildar mfl. karla hjá Ungmennafélaginu Aftureldingu fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Önnur mál

Ársreikningur 2023 var ekki endurskoðaður og því eru samanburðarfjárhæðir óendurskoðaðar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan.

Við erum óháð Ungmennafélaginu Aftureldingu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Grundvöllur álits

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélagsins Aftureldingar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla hæfilegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Hæfileg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta orðið vegna sviksemi eða mistaka og eru álitnir verulegir ef þeir gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einir og sér eða samanlagðir.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri efahyggju í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegum annmörkum í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega annmarka vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki annmarka vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Mosfellsbæ, 19. mars 2025

Enor ehf.

Höfðabakki 9

Ómar Davíðsson

löggiltur endurskoðandi

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirrituð höfum yfirfarið ársreikning meistaraflokks karla hjá knattspyrnudeild Aftureldingar fyrir árið 2024.

Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og efnahag ársins.

Með undirritun sinni staðfesta skoðunarmenn þennan ársreikning.

Mosfellsbæ, 19. mars 2025

Kristrún Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
REKSTRARTEKJUR:			
Styrkir og framlög	3	54.693.601	45.323.793
Tekjur af mótum.....		1.475.972	1.378.965
Aðrar tekjur.....	4	30.795.975	28.097.504
		86.965.548	74.800.262
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og verktakar.....	5	51.749.956	45.860.295
Félagaskipti og sala leikmanna.....		1.141.166	3.521.754
Búningar, áhöld og tæki.....		3.303.064	5.634.547
Þátttaka í mótum.....	6	10.960.927	3.609.057
Kostnaður vegna mótahalds.....		1.227.047	588.641
Rekstur skrifstofu.....	7	1.304.494	1.138.914
Kynning, fræðsla og útbreiðsla.....		428.668	87.949
Annar kostnaður.....	8	15.835.813	17.178.926
		85.951.135	77.620.083
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði		1.014.413	(2.819.821)
Afskriftir ársins.....	9	200.000	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur, nettó.....		288.808	250.819
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....		(104.231)	(100.769)
		184.577	150.050
Hagnaður (tap) ársins		998.990	(2.669.771)

Efnahagsreikningur 31.12.2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir - Leikmenn.....	9	2.700.000	1.800.000
Fastafjármunir		2.700.000	1.800.000
Veltufjármunir			
<i>Skammtímafröfur:</i>			
Viðskiptafröfur.....		649.750	716.898
Sjóður og bankainnistæður.....		2.406.110	824.651
Veltufjármunir		3.055.860	1.541.549
Eignir alls		5.755.860	3.341.549

Efnahagsreikningur 31.12.2024

	Skýr.	2024	2023
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		(84.709)	(1.083.699)
Endurmatsreikningur leikmanna.....		2.500.000	1.800.000
Eigið fé	10	2.415.291	716.301
Skammtímaskuldir			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn.....		2.014.339	2.601.721
Viðskiptaskuldir.....		1.326.230	23.527
Skammtímaskuldir		3.340.569	2.625.248
Skuldir og eigið fé alls		5.755.860	3.341.549

Sjóðstreymi 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		998.990	(2.669.771)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	200.000	0
		1.198.990	(2.669.771)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur		67.148	2.242.705
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir		1.302.703	(223.976)
		1.369.851	2.018.729
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		2.568.841	(651.042)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir leikmenn	9	(400.000)	0
		(400.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn, breyting		(587.382)	1.051.960
		(587.382)	1.051.960
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.581.459	400.918
Handbært fé í byrjun tímabils		824.651	423.733
Handbært fé í árslok		2.406.110	824.651

Skýringar með ársreikningi 2024

1 Grunnupplýsingar félagsins

Knattspyrnudeild mfl. karla starfar innan knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Aftureldingar.

Ungmennafélagið Afturelding var stofnað 1909. Innan félagsins eru starfræktar 11 deildir sem eru með barna-, unglinga- og fullorðnsstarf. Að baki félaginu starfa svo yfir 150 sjálfboðaliðar sem tryggja starfsemi félagsins með því að gefa tíma sinn og vinnu í þetta mikilvæga starf sem Afturelding heldur úti. Starf sjálfboðaliða er félaginu lífsnauðsynlegt og án þeirra væri ómögulegt að halda úti jafn blómlegu íþróttastarfi og við Íslendingar þekkjum.

Afturelding er rötgróið íþróttafélag sem leggur áherslu á að sinna barna- og unglingastarfi af kostgæfni. Félagið vill stuðla að því að ala upp afreksíþróttafólk í fremstu röð og gefa ungu fólki tækifæri til að móta og þróa hæfileika sína. Áhrif íþróttar á börn og ungt fólk eru ótvíræð en rannsóknir sýna að góður árangur í íþróttum og íþróttastundun ýtir undir bættan árangur í námi.

Afturelding leggur metnað sinn í að bjóða upp á framúrskarandi þjálfun og að bjóða ungum iðkendum upp á fjölbeytt framboð af íþróttum.

Formaður Aftureldingar er Ásgeir Jónsson.

Heimilisfang félagsins er að Íþróttamiðstöðinni Varmá 270 Mosfellsbæ og kennitala þess er 490974-0119

2 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnudeildar mfl. karla - Ungmennafélagið Afturelding er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu, þjónustu og móttæknum styrkjum eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Skýringar með ársreikningi 2024

Óefnislegar eignir

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færist á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárliða.

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á hærra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjaldfært á söluári.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

	2024	2023
3 Styrkir og framlög		
Rekstrarstyrkir frá Mosfellsbæ.....	8.186.518	30.000
Aðrir styrkir frá Mosfellsbæ.....	840.000	7.828.195
Styrkir frá Íþróttahreyfingu.....	533.851	1.631.200
Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum.....	45.133.232	35.834.398
Styrkir og framlög:	54.693.601	45.323.793
4 Aðrar tekjur		
Sala og leiga leikmanna.....	300.000	200.000
Tekjur vegna viðburða.....	4.814.102	0
Fjárafánir.....	25.656.135	27.492.422
Ýmsar aðrar tekjur.....	25.738	405.082
Aðrar tekjur:	30.795.975	28.097.504

Skýringar með ársreikningi 2024

5 Laun og verktakar	2024	2023
Laun.....	0	1.950.000
Launatengd gjöld.....	0	392.844
	0	2.342.844
Verktakagreiðslur.....	36.790.170	32.437.143
Launa- og verktakagreiðslur	36.790.170	34.779.987
Styrktarþjálfun og sjúkrakostnaður.....	967.511	773.410
Húsaleiga og uppihald þjálfara og leikmanna.....	3.158.057	1.580.279
Annar kostnaður vegna verktaka.....	10.834.218	7.826.619
Bifreiðastyrkir.....	0	450.000
Dagpeningar.....	0	450.000
Laun og verktakar:	51.749.956	45.860.295
4 Þátttaka í mótum		
Ferðakostnaður innanlands		
Rútur og annar akstur.....	9.600	89.800
Flug innanlands.....	607.105	1.773.460
Annar ferðakostnaður.....	594.412	35.144
	1.211.117	1.898.404
Ferðakostnaður erlendis		
Flug.....	8.497.810	624.653
	8.497.810	624.653
Þátttökukostnaður		
Sjúkrakostnaður.....	1.252.000	1.086.000
	1.252.000	1.086.000
Þátttaka í mótum:	10.960.927	3.609.057

Skýringar með ársreikningi 2024

	2024	2023
7 Rekstur skrifstofu		
Sími, fjarskipti og burðargjöld.....	9.500	145.588
Funda- og ferðakostnaður.....	0	66.314
Auglýsingar.....	56.420	110.360
Tölvukostnaður og hugbúnaður.....	214.484	197.626
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	69.890	0
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	954.200	619.026
Rekstur skrifstofu:	1.304.494	1.138.914

8 Annar kostnaður		
Kostnaður vegna fjáraflana og viðburða.....	15.081.460	12.803.131
Fundir og skemmtanir.....	105.735	1.786.375
Afskrifaðar kröfur.....	188.110	2.589.420
Annað.....	460.508	0
Annar kostnaður:	15.835.813	17.178.926

9 Leikmenn

	2024	2023
Bókfært verð leikmanna í ársbyrjun.....	1.800.000	1.800.000
Eignfærðir leikmenn á árinu.....	400.000	-
Afskrifað á árinu.....	(200.000)	-
Endursmatsbreytingar.....	800.000	-
Bókfært verð leikmanna í árslok	2.800.000	1.800.000

Fært er endurmat vegna óefnislegra eigna, matsaðferð byggir á stuðlakerfi KSÍ.

10 Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Sérstakt endurmat	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	1.586.072	1.800.000	3.386.072
Hagnaður (Tap ársins).....	(2.669.771)	0	(2.669.771)
Eigið fé 1.1.2024.....	(1.083.699)	1.800.000	716.301
Hagnaður (Tap ársins).....	998.990	0	998.990
Endurmat leikmanna.....	0	700.000	700.000
Eigið fé 31.12.2024.....	(84.709)	2.500.000	2.415.291

Undirritunarsíða

Ásgeir Jónsson

Hrafn Ingvarsson

Geirarður Þórir Long

Inga Hallsteinsdóttir

Hildur Björg Bæringsdóttir

Erla Eiríksdóttir

Einar Ingi Hrafnsson

Kristrún Kristjánsdóttir

Ómar Davíðsson